

# Skólaráð

---

Skólaráð 2. mars 2017

54. fundur

Fundur settur kl. 8.10

**Mætt voru:** María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna fjarverandi, Jökull Mar Pétursson fulltrúi foreldra, Mjöll Flosadóttir í stað Heiðu Gunnarsdóttur fulltrúa foreldra og Kristín Thoroddsen formaður Foreldrafélags Setbergsskóla og fulltrúa grenndarsamfélags. Eiríkur (9. bekkur), Þorbjörg Guðmundsdótti (10. bekk) og þrír fulltrúar úr nemendafélagi mættu, þau Júlíus Bjarnason (10. Bekk), Gísli Hafþór Þórðarson og Rannveig Ögn Jónsdóttir

**Efni fundarins:**

1. Fulltrúar nemenda
2. Skóladagatal
3. Skólalóðin: öryggi og aðbúnaður
4. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og fór yfir dagskrá hans.

## 1. Fulltrúar nemenda

Fulltrúar nemenda ræddu samskipti í unglingadeild og finnst stemmingin vera góð innan skólans en eru hugsi yfir því hve nemendur mæta illa á böll og viðburði á vegum Setursins. Rætt var fram og til baka um hvað hægt væri að rífa það betur upp og hvort Foreldrafélagið geti stutt við nemendur með því að bjóða upp á spennandi viðburð sem trekkir nemendur að. Fulltrúar í nemendafélaginu ætla að kanna áhuga í hópnum fyrir balli og hvaða plötusnúð – DJ þau langar til að fá. Stefna síðan að balli í vikunni eftir samræmdu prófin. Masterchef og að fara í íþróttahúsið er vinsælast. Nemendur segja að nemendur séu farnir að blandast meira á milli skóla. Spurning hvort það sé í boði að nemendur héðan megi koma með gesti með sér frá öðrum skólum í félagsstarfið. Ræddir möguleikar á því að lana í skólanum.

# Skólaráð

---

Aðstaðan í skólanum og umgengni rædd. Sófarnir eru orðnir lélegir og þarf að bæta úr því sem og að bæta umgengnina. Spurning um að vera góð fyrirmynd og hvað allir geta gert til að standa saman í að bæta samskipti og umgengni.

Það koma fram í samræðunum að þó nokkuð væri um að nemendur hittist utan skólans í heimahúsum eða í ísbúð niður í bæ.

Ræddum bætt tengsl á milli yngri og eldri nemenda. Fulltrúi nemenda benti á hugmynd að nemendur úr unglingadeildinni fari út og leiki sér við yngri krakkana í frímínútum. Nokkrir í unglingadeildinni eru þegar tilbúnir til að fara út og leika sér við yngri krakkana. Kom fram að nemendur sakna þess að lestrarvinaverkefnið datt niður og bent var á að læsisteymið ætla að taka það aftur upp.

Vinaliðaverkefni rætt og hugmynd að eldri nemendur fari út og leiki sér við yngri krakkana í frímínútum.

Áhugi er fyrir því að kaupa skólapeysur fyrir skólann og að nemendafélagið hafi fengið tilboð í að kaupa peysur. Stjórnendur munu fylgja þessu máli eftir.

## 2. Skóladagatalið:

Skólastjóri lagði fram skóladagatalið fyrir skólaárið 2017 – 2018. Unnið í samráði við kennara og skólaskrifstofu. Nú þegar er búið að ræða dagatalið í kennarahópnum. Skólastjóri benti á að það væru ákveðnir dagar sem þegar væru fastir og að við hefðum ekki möguleika á að breyta skipulagsdögum og vetrarfrí. Við getum hins vegar skipulagt samtalsdaga, námsmatsdaga og aðra skerta nemendadaga. Það kom skýrt fram hjá foreldrum að þeim finnst það vera til bóta að skipulagsdagar séu á sama tíma hjá leik- og grunnskóla. Benti skólastjóri að skipulagsdagar þurfi að vera meira á forræði skólanna og sníða þurfi dagatalið meira að þeim álagstímum sem eru innan grunnskólans. Einnig var rætt hvort vetrarfríð eigi að vera tvisvar tveir dagar eða eitt vetrarfrí á skólaárinu sem væri lengra. Foreldrar hefðu viljað sjá skipulagsdaginn 3. janúar úti og að nemendur mæti fyrr í skólann eftir áramót. Foreldrum þykir gott að hafa skipulagsdag í flútti við vetrarfríð til að lengja það frí með fjölskyldum. Sjónarmið skólans er aðeins annað því kennarar vilja hafa

# Skólaráð

---

skipulagsdaga sem nýttust best starfi skólans og að þeir séu settir þar sem þeir létta álag og nýtast best faglegu starfi.

Miklar umræður voru um dagatalið og fulltrúi foreldra hefði viljað að orðalagi í undirskriftarplagginu frá skólaskrifstofu yrði breytt í þá veru að skóladagatalið hafi verið kynnt en ekki verið fjallað um.

### 3. Önnur mál

Matarmál: Foreldrafélag hefur rætt um matarmál við fulltrúa Skólaasks en ekki orðið vör við að farið hafi verið eftir athugasemdum sem gerðar voru. Úttekt í gangi á gæðum og þjónustu þeirra.

Næsti fundur áætlaður mars kl. 8:10 – 9:30

Fundi slitið kl. 09:50

Fundarritari: Sif Stefánsdóttir